

HAFNARFJÖRÐUR, 2021

# FORNLEIFASKRÁ HAFNARFJARÐAR IV

HVALEYRI



*Mynd á forsíðu sýnir flak Fjarðarkletts GK 210 (2583-15)*

©2021

Byggðasafn Hafnarfjarðar

Strandgata 4

220 Hafnarfjörður

Sími: 585 5780

Netfang: [museum@hafnarfjordur.is](mailto:museum@hafnarfjordur.is)

Heimasíða: [www.byggdasafnid.is](http://www.byggdasafnid.is)

# Efnisyfirlit

Inngangur .....	1
Fornleifaskráning .....	3
Fornleifar.....	6
Hvaleyri.....	10
Straumur.....	17
Heimildaskrá .....	19
Myndaskrá.....	21
Töfluskrá.....	21
Viðauki 1: Fornleifaskrá .....	22

## Inngangur

Árið 2020 var sú ákvörðun tekin að Byggðasafn Hafnarfjarðar myndi hefja vinnu við að endurskrá allt sveitarfélagið vegna aðalskipulags<sup>1</sup> en margar af þeim skráningum sem fyrir lágu voru orðnar úreltar og þurfti að uppfæra þær að stöðlum Minjastofnunar Íslands. Það er hlutverk Byggðasafns Hafnarfjarðar að sjá um skráningu allra minja í sveitarfélaginu.

Ákveðið var að skipta sveitarfélaginu upp í 11 svæði og fjallar þessi skýrsla um svæði 4. Einnig var ákveðið að safna þeim skráningum sem fyrir lágu og voru eftir stöðlum Minjastofnunar<sup>2</sup> og hafa þær aðgengingar á einum stað í stað þess að vera í fjölmörgum skýrslum eins og var áður.

Umrætt skráningarsvæði afmarkast af Strandgötu í austri, Reykjanesbraut í suðri, Straumsvík í vestri og sjávarmálinu í norðri.

Svæðið hefur verið marg skráð að hluta en ekki sem ein heild og ekki alltaf eftir stöðlum Minjastofnunar.<sup>3</sup>

Svæðið var skráð að hluta af Heiðrúnu Evu Konráðsdóttur árin 2019 og 2020 og fengu þau verk númerin 2147 og 2020. Atli Rúnarsson skráði einnig hluta af svæðinu vestan álversins við Straumsvík árið 2020 og fékk það verk númerið 2367.

Heildar fornleifaskráningin fól í sér athugun á heimildum, loftmyndum og fyrri skráningarskýrslum, vettvangsskráningu og úrvinnslu og fékk það verk númerið 2583. Á vettvangi fór fornleifafræðingurinn Atli Rúnarsson og sá hann einnig um skýrslugerð. Ljósmyndir voru teknar af höfundum nema að annað sé tekið fram og það sama á við um kortagerð.

Skráning á vettvangi fyrir verk 2583 fór fram 26. og 27. janúar 2021.

---

<sup>1</sup> Sjá Yngvi Þór Loftsson, 2006

<sup>2</sup> Minjastofnun Íslands, 2013

<sup>3</sup> Sjá skýrslur: Atli Rúnarsson, 2020, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2001, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Gylfi Björn Helgason & Sigrún Drífa Þorfinnsdóttir, 2020, Heiðrún Eva Konráðsdóttir, 2020 (tvær skýrslur), Heiðrún Eva Konráðsdóttir, 2019, Hildur Gestsdóttir & Sædís Gunnarsdóttir, 1998, Katrín Gunnarsdóttir, 2005, Oddgeir Hansson, 2001



*Mynd 1 - Loftmynd af skráningarsveðinu. Skráningarsveðið er innan hvítu punktálinunnar*

## Fornleifaskráning

Samkvæmt menningarminjalögum njóta allar fornleifar friðunar og verndunar en í 3. grein laganna segir: „Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngrípir og hins vegar fornleifar. Forngrípir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngrípa. Til forngrípa teljast einnig leifar af líkómum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. Búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mögröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Einnig njóta fornminjar friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.<sup>4</sup>

Í 16. grein laganna er vikið að skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða

---

<sup>4</sup> Lög um menningarminjar, 2012, 3.gr.

deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.

Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjóð af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Skylt er að heimila þá för um landareign sem nauðsynleg getur talist við framkvæmd skráningar sem gerð er fyrir opinbera aðila. Ber að sýna landeiganda tillitssemi og valda ekki raski eða ónæði að þarflausu.<sup>5</sup>

Jafnframt segir í 21. grein laganna: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi. Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.

---

<sup>5</sup> Lög um menningarminjar, 2012, 16.gr.

Friðlýstum fornleifum skal viðhaldið á kostnað ríkisins. Minjastofnun Íslands ber ábyrgð á friðlýstum fornleifum og semur verk- og fjárhagsáætlun um viðhald þeirra.<sup>6</sup>

Friðlýstum fornleifum fylgir 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Umhverfis friðaðar fornleifar er 15 metra friðhelgi nema annað sé ákveðið.<sup>7</sup>



*Mynd 2 - Skotbyrgi (2583-13)*

---

<sup>6</sup> Lög um menningarminjar, 2012, 21. gr.

<sup>7</sup> Lög um menningarminjar, 2012, 22. gr.

## Fornleifar

Alls voru 67 fornleifar skráðar á vettvangi og eftir heimildum, sjá má afrakstur skráningarinnar í töflunni hér að neðan og í meðfylgjandi fornleifaskrá sem og á loftmyndum sem sýna staðsetningu minjanna. Röðun minja í töflunni og fornleifaskrá er í tímaröð, þ.e. nýjasta verkið er fremst.

NR.	SÉRHEITI	TEGUND	HLUTVERK	ALDUR	HÆTTUMAT	VEGNA
2583-1	-	niðurgröftur-hleðsla	hjallur	1550-1900	mikil hættu	landbrot
2583-2	-	grjóthrúga	bátaspil (?)	1550-1900	mikil hættu	landbrot
2583-3	Austurtúngarður	garðlag	túngarður	1550-1900	hættu	rask
2583-4	Hvaleyrarbrunnur	niðurgröftur-hleðsla	brunnur	1550-1900	hættu	rask
2583-5	-	garðlag	matjurtagarður	1550-1900	hættu	rask
2583-6	-	tóft/steinsteypa	kartöflugeymsla	1900-1950	hættu	rask
2583-7	Þvottahús	hús	þvottastaður	1939-1945	engin hættu	
2583-8	-	húsgrunnur	óþekkt	1939-1945	engin hættu	
2583-9	Brunngata	gata	leið	1550-1900	hættu	rask
2583-10	Hvaleyrarbærinn	þúst	bæjarstæði	1550-1900	hættu	rask
2583-11	-	steinsteypa	skotbyrgi	1939-1945	mikil hættu	landbrot
2583-12	-	húsgrunnur	skotbyrgi	1939-1945	engin hættu	
2583-13	-	hús	skotbyrgi	1939-1945	engin hættu	
2583-14	Vesturtúngarður	garðlag	túngarður	1550-1900	hættu	rask
2583-15	Fjarðarklettur GK 210	flak	skip	1946-1970	mikil hættu	landbrots
2583-16	Þvottaklettur	náttúruminjar	þvottastaður	1550-1900	mikil hættu	landbrots
2583-17	-	tóft	fjánhús	1550-1900	hættu	rask
2583-18	-	tóft	útihús	1550-1900	hættu	rask
2583-19	-	steinsteypa	brunnur	1939-1945	hættu	rask
2583-20	Hvaleyrarrétt	hleðsla	rétt	1550-1900	hættu	rask
2583-21	-	hleðsla	óþekkt	1550-1900	engin hættu	
2583-22	<b>Hjörskot</b>	<b>heimild</b>	<b>búð</b>	<b>900-1900</b>	<b>mikil hættu</b>	<b>framkvæmda</b>
2583-23	-	heimild	smiðja/sjóbúð	1770-1802	mikil hættu	rask
2583-24	Tjarnarkot	heimild	híbyli	1789-1911	hættu	rask

2583-25	Daðakot/Hjörskot	heimild	híbyli	1828-1950	hætta	rask
2583-26	Hvaleyrartraðir	heimild	traðir	1550-1900	hætta	rask
2367-96	Litli-Lambhagi	bæjarstæði	býli	1550-1900	mikil hætta	framkvæmda
2367-227	-	steinsteypa	brú	1900-1950	mikil hætta	vegagerð
2367-228	-	garðlag	varnargarður	1550-1900	mikil hætta	landbrot
2367-229	-	tóft	óþekkt	1550-1900	engin hætta	
2367-230	-	tóft	útihús	1550-1900	mikil hætta	vegagerð
2367-231	-	steinsteypa	sumarbústaður	1900-1950	engin hætta	
2367-232	-	hleðsla	aðhald	1550-1900	engin hætta	
2367-233	-	tóft	híbyli/naust	1850-1950	hætta	vegagerð
2367-234	-	varða	kennimark	1550-1900	engin hætta	
2147-1	-	gata	leið	1550-1900	mikil hætta	framkvæmda
2147-2	-	garðlag	túngarður	1550-1900	mikil hætta	framkvæmda
2022-1	Kotagata	gata	óþekkt	1550-1900	mikil hætta	framkvæmda
2022-2	Samslægnatún	tún	tún	900-1900	engin hætta	
2022-3	Vesturkot/Drundur/Lásastaðir	heimild	híbyli	1781-1992	mikil hætta	framkvæmda
2022-4	Vesturkotstraðir	heimild	traðir	1550-1900	mikil hætta	framkvæmda
2022-5	Vesturkotstún	heimild	tún	1550-1900	mikil hætta	framkvæmda
2022-6	Vesturkotstúngarður	heimild	túngarður	1550-1900	mikil hætta	framkvæmda
2022-7	<b>Flókasteinn</b>	<b>kennimark</b>	<b>áletrun</b>	<b>900-1900</b>	<b>mikil hætta</b>	<b>framkvæmda</b>
2022-8	<b>Minorsteinn</b>	<b>kennimark</b>	<b>áletrun</b>	<b>900-1900</b>	<b>mikil hætta</b>	<b>framkvæmda</b>
2022-9	Þórðarkot/Þórðargerði	heimild	híbyli	1500-1880	mikil hætta	framkvæmda
2022-10	Þórðargerðistúngarður	garðlag	túngarður	1550-1900	mikil hætta	framkvæmda
2022-11	Þórðargerði/Beinteinsgerði/Zimsensgerði	heimild	tún	1500-1900	mikil hætta	framkvæmda
2022-12	Þórðarstígur	heimild	gata	1500-1900	mikil hætta	framkvæmda
2022-13	Þórðarvör	heimild	uppsátur	1500-1900	mikil hætta	framkvæmda
2022-14	Halldórskot	heimild	híbyli	1500-1944	mikil hætta	framkvæmda
2022-15	Halldórskotstraðir	heimild	traðir	1500-1900	mikil hætta	framkvæmda
2022-16	Halldórskotstúngarður	garðlag	túngarður	1778-1944	mikil hætta	framkvæmda
2022-17	Jónasarlending	heimild	lending	1500-1900	mikil hætta	framkvæmda

2022-18	-	grjóthrúga	óþekkt	1500-1945	mikil hætta	framkvæmda
2022-19	-	garðlag	óþekkt	1500-1900	mikil hætta	framkvæmda
2022-20	-	tóft	útihús	1500-1945	mikil hætta	framkvæmda
2022-21	-	steinsteypa	fallbyssustæði	1939-1945	mikil hætta	framkvæmda
2022-22	-	niðurgröftur	skotbyrgi	1939-1945	mikil hætta	framkvæmda
2022-23	-	niðurgröftur	skotbyrgi	1939-1945	mikil hætta	framkvæmda
2022-24	-	niðurgröftur	skotbyrgi	1939-1945	mikil hætta	framkvæmda
2022-25	-	niðurgröftur	skotbyrgi	1939-1945	mikil hætta	framkvæmda
2022-26	-	niðurgröftur	skotbyrgi	1939-1945	mikil hætta	framkvæmda
2022-27	-	niðurgröftur	skotbyrgi	1939-1945	mikil hætta	framkvæmda
2022-28	-	garðlag	óþekkt	1500-1945	mikil hætta	framkvæmda
2022-29	-	kennimark	áletrun	900-1900	mikil hætta	framkvæmda
2022-30	Flókasteinn	kennimark	áletrun	900-1900	mikil hætta	framkvæmda

Tafla 1 - Yfirlit yfir skráðar minjar á svæðinu. Friðlýstar minjar eru feitletraðar.

Eins og sést á töflunni þá töldust flestar minjarnar í hættu, þá annaðhvort vegna rasks, framkvæmda eða landbrots. Gæta skal fyllstu varúðar við framkvæmdir á svæðinu, enda er Hvaleyrin ein af elstu bújörðum í Hafnarfirði og fundist hafa minjar allt frá landnámi við framkvæmdir.<sup>8</sup> Einnig voru 16 minjar skráðar sem heimildir en það var vegna þess að öll ummerki um þær eru horfin vegna landbrots eða sléttunar enda er búið að gjörbreyta landslaginu vegna golfvallarins og gæti verið stutt niður á fornleifar.

<sup>8</sup> Sjá: Bjarni F. Einarsson, 2006



Mynd 3 - Loftmynd sem sýnir staðsetningu skráðra minja á svæðinu

## Hvaleyri

Hvaleyri er ein af elstu bújörðum í Hafnarfirði og sýndi fornleifarannsókn, sem Dr. Bjarni F. Einarsson gerði árið 2005, að þar væru minjar sem hægt var að segja með 95% öryggi að væru frá tímabilinu 780-980 (líklega voru minjarnar frá því um 900) og að landnámsbýli megi finna á Hvaleyri eða Hvaleyraholtinu.<sup>9</sup>



Mynd 4 - Hvaleyrrarbærinn, myndin er úr leiðangri Sir Joseph Banks árið 1772. Myndin er í förum Byggðasafns Hafnarfjarðar.

Elstu heimildir um Hvaleyri er að finna í Hausbók Landnámu en þar segir frá því að Hrafna-Flóki hafi fundið hval á eyri einni og kallað hana Hvaleyri.<sup>10</sup> Í Jarsteinabók var Teitur bóndi sagður búa á Hvaleyri 1300-1325<sup>11</sup> og árið 1395 var Hvaleyri eign Viðeyjarklausturs og var leiga til klaustursins 4 hndr.<sup>12</sup> Þá sagði í vitnisburði Hafliða Gizurarsonar um landeign og landamerki Hvaleyrar við Hafnarfjörð frá 1448 að á Hvaleyri hafi verið kirkja.<sup>13</sup>

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703 sagði að á Hvaleyri hafi verið hálfkirkja og embættað þaðan þrisvar á ári. Þá var jörðin í konungseign og jarðadýrleikinn óviss þar sem jörðin tíundaðist engum. Þá var landskuldin eitt hundruð sem greiddist með sex vættum fiska í kaupstað, sem áður greiddist til Bessastaða. Til forna hafði landskuld verið greidd í fríðu með einum hundruðasta. Jörðin átti selstöðu þar sem hét Hvaleyrsel, þar voru hagar sæmilegir og vatnsból gott. Hrísrif var nokkurt á jörðinni en þegar Jarðabókin var skrifuð var það að mestu eytt en að öðru leyti hafði jörðin hrísrif til eldiviðar í almenningnum og til kolagerðar. Torfrista og stunga var í lakasta lagi og nærri ónýtt en lyngrif, fjörugrastekja og rekavon var nokkur. Jörðin gat nýtt bæði hrognkels- og skelfiskfjöru og heimræði var allt árið um kring og lending góð og gengu skip ábúenda eftir hentugleikum. Þá var sagt að túnin spilltust af sandágangi, engar engjar fylgdu jörðinni og vatnsból var ekki gott en það þraut bæði vetur og

<sup>9</sup> Bjarni F. Einarsson, 2006, bls. 7 & 18

<sup>10</sup> Íslensk fornrit, 1968, bls. 39

<sup>11</sup> Biskupa sögur, 1958, bls. 386

<sup>12</sup> DI III, bls. 597

<sup>13</sup> DI IV, bls. 751

sumar. Þá var hjáleigan Hvaleyrarkot, sem var byggð eftir að hafa verið í eyði svo lengi sem menn mundu, aftur komin í eyðu fyrir þrem árum, þ.e. árið 1700.<sup>14</sup>

Árið 1730 voru Hvaleyrartún stórskemmd af grasmaðki og einnig herjuðu sandfor og fugl á þau. Mikill lausamosi var í túninu og hélt það áfram að skemmast, árið 1751 varð að slá tveimur vættum og einu kúgildi af afgangi jarðarinnar hvort sem það hefur eingöngu verið landskemmdunum að kenna.<sup>15</sup>

Á árunum 1754-1757 bjó enginn á Hvaleyri og var líklegt að það var ein ástæða þess að bæjarhús og tún spilltust.<sup>16</sup> Í Jarðatali Johnsens frá 1847 segir í skýringum að árið 1803 séu á Hvaleyri fjórar byggðar hjáleigur: Bindindi, Lönd, Lásastaðir og Ásgautsstaðir. Í jarðatalinu fær Hvaleyri númerið 168, þar segir að jörðin hafi verið í bændaeign, dýrleikinn var 20 hundruð, landskuldin var 0,100, kúgildin voru 2 og eigandinn var einn.<sup>17</sup>

Árið 1815 keypti Bjarni riddari Sívertsen jörðina af konungi og síðan keypti Jón Illugason snikkari jörðina árið 1834 af dánarbúi Bjarna. Jón Illugason seldi svo jörðina til Jóns Hjartarsonar í Miðengi í Árnessýslu og við andlát Jóns tók ekkja hans, Þórunn Sveinsdóttir, við Hvaleyri. Þórunn gaf svo Sigríði frændkonu manns síns mestan hluta jarðarinnar árið 1868.

Jörðin var svo seld séra Þórarni Böðvarssyni í Görðum árið 1870 og gaf hann jörðina til stofnunar alþýðu- og gagnfræðiskólans Flensborg í Hafnarfirði árið 1881.<sup>18</sup>

Árið 1940 kom breski herinn til landsins og reisti kampa víða í Hafnarfirði og var einn við Hvaleyrartjörn, hét hann West end. Þar var herinn með skotbyrgi og loftvarnarbyssur. Á loftmyndum frá þeim tíma má vel sjá



*Mynd 5 - Loftmynd af Hvaleyri frá 1942. Á henni má sjá umfang breska hersins. Myndin er í förum Bygðasafns Hafnarfjarðar og hefur verið klippt til.*

<sup>14</sup> Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1924, bls. 168-170

<sup>15</sup> Sigurður Skúlason, 1933, bls. 42-45

<sup>16</sup> Sigurður Skúlason, 1933, bls. 42

<sup>17</sup> J. Johnsen, 1847, bls. 91

<sup>18</sup> Sigurður Skúlason, 1933, bls. 35-37 & 42-45

hversu umfangsmikil starfsemi Breta var á Hvaleyri.<sup>19</sup>

Vitað er með vissu hvar síðasti Hvaleyrarbærinn stóð en hann var rifinn í kringum 1970 og líkur eru taldar að hann hafi verið nokkurvegin á sama svæði í gegnum aldirnar. Þó er ekki hægt að staðsetja hvar kirkjan með kirkjugarði hefur staðið og ekki hægt að sjá það í landinu í dag. Í heimildum segir að kirkjan hafi staðið norður af Hvaleyrarbænum án þess að það sé staðfært eitthvað nánar.<sup>20</sup> Hvaleyrar-



*Mynd 6 - Leifar Hvaleyrarbæjarins úr lofti en ekkert sást til bæjarins á vettvangi. Lofmyndin er frá 2020 og fengin úr vefsíðu Hafnarfjarðarbæjar.*

kirkju var fyrst getið 1444-1481 en hugsanlega gæti hún verið mun eldri. Aðeins eru

varðveittar tvær lýsingar af kirkjunni og gripum hennar: í eldri lýsingunni frá 1625-1634 var kirkjan sögð í fjórum stafgólfum, sem þýðir að hún var á bilinu 5,7 – 6,8m að lengd og 2,85 – 3,4m að breidd.<sup>21</sup>



*Mynd 7 - Horft í suður yfir Hvaleyrarbæinn. Ekkert sést á yfirborðinu vegna sléttunar.*

<sup>19</sup> Árni Matthíasson, 2009, bls. 24

<sup>20</sup> Sigurður Skúlason, 1933, bls. 35-37 & 42-44 og Katrín Gunnarsdóttir, 2005, bls. 11

<sup>21</sup> Gunnlaugur Haraldsson, 2014, bls. 405 & 408

Hvaleyrarbænum og svæðinu í kring var lýst í Örnefnalýsingu Hafnarfjarðarlands: „Hvaleyrarbærinn stóð í miðju Hvaleyrartúni, rétt norðan við byggingu fjóss og hlöðu er þar var reist 1916. Bærinn stóð þar á hrygg er lá sunnan úr holtinu. Hvaleyrartraðir lágu í suður frá bænum að Hvaleyrartúngarði. Túngarðurinn lá austan eða neðan frá tjörn vestur og niður undi sand og norðvestur í Hvaleyrarkletta. Traðargarðurinn eystri og vestri lágu meðfram tröðunum. Sunnan frá Traðarhliði lá þríhyrnd túnskák norður að Brunngötunni er nefndist Pétursvöllur með Pétursvallagarði. Suðurvöllur er utan hans og sunnan. Hestasteinninn stóð á hlaðinu. Hvaleyrarfjárhúsin stóðu hjá Bæjarhólnum nyrðri. Bæjarhólarnir voru gamlir öskuhaugar. Sandbrekknatún lá niður frá Túngarðinum vestri og skiptis í Sandbrekknatúnið syðra og nyrðra. Kirkjugarðurinn var norður frá bænum til hliðar við fjárhúsin.“<sup>22</sup>

Guðmundur Guðmundsson smiður sem bjó í Vesturkoti á Hvaleyri fann þar heila mannsbeinagrind með föður sínum þegar hann var unglingspiltur í kringum 1890. Þar fannst einnig krítarpípa, greiðugarður, spónn úr tini og ryðguð hnífbredda. Beinín voru svo grafin aftur ofar í túninu.<sup>23</sup> 30 árum seinna, eða um 1925, fundust aftur mannabein á Hvaleyri af Magnúsi Benjamínssyni bónda í Hjörskoti á Hvaleyri. Matthías Þórðarson þjóðminjavörður rannsakaði beinin og taldi sennilegt að þetta væru bein sjórekinna manna sem fundist hefðu á Hvaleyri. Matthías taldi að ekki væri þörf á því að varðveita beinin á Þjóðminjasafninu en þau voru grafin í kirkjugarði Hafnarfjarðar.<sup>24</sup>

Árið 1967 var golfklúbburinn Keilir stofnaður og sama sumar var golfvöllurinn á Hvaleyri opnaður og hefur starfað allar götur síðan. Íbúðarhúsið í Vesturkoti var gert að klúbbhúsi Golfklúbbsins strax í upphafi og var að til ársins 1992 þegar nýr golfskáli Keilismanna var tekinn í notkun. Sama ár var leyfi fengið til að kveikja í klúbbhúsinu í Vesturkoti og slökkvilið Hafnarfjarðar nýtti sér það til æfingar. Í dag er ekkert eftir af þeim húsum sem stóðu í Vesturkoti.



Mynd 8 - Ljósmynd af Hvaleyri frá 1972. Garðlög og götur voru enn vel sjáanlegar. Myndin er í förum Bygðasafns Hafnarfjarðar og hefur verið klippt til.

<sup>22</sup> Guðlaugur Rúnar Guðmundsson, 2004, bls. 45

<sup>23</sup> Gísli Sigurðsson, óútg.

<sup>24</sup> Matthías Þórðarson, 1925, bls. 57-58

58 minjar voru skráðar á Hvaleyri og er stærsti minjaflokkurinn heimildir. Mikið hefur verið átt við landslagið á Hvaleyri vegna golfvallarins, það hefur verið sléttað og átt við það vegna ýmissa framkvæmda og flest ummerki um byggðina sem áður var horfin. Þessvegna verður að sýna fyllstu varúð við allar framkvæmdir sem þar eiga sér stað en stutt getur verið niður á fornminjar.

Enn sjást þó nokkur ummerki um byggðina, túngarðar og útihúsatóftir, og veita þessar minjar góða, en brotakennda, sýn á hvernig lífshættir voru á Hvaleyri á fyrri öldum.

Ummerki eftir breska herinn, ýmis skotbyrgi og skotgrafir, flokkast undir stríðsminjar og eru enn vel sjáanlegar, t.d. er uppistandandi þvottahús (2583-7) frá stríðsárunum mjög áberandi í landslaginu, og ætti að varðveita þessar minjar.

Á Hvaleyrarhöfða er að finna stóran stein og nokkrar klappir með áletrunum, bæði rúnir og latínustafir, sem voru friðlýstar árið 1938.<sup>25</sup> Jónas Hallgrímsson var líklega fyrstur til að rannsaka klappirnar árið 1841 og vildi hann eigna Hrafna-Flóka og skipshöfn hans elstu risturnar í klöppunum og hefur stærsti steinninn verið kallaður Flókasteinn (2202-7) síðan.<sup>26</sup>

Kristian Kálund minntist á Hvaleyri í drögum að staðsögulýsingu Íslands árið 1877 og sagði þar að hægt væri að lesa ártölin 1628 og 1777. Kálund sagði einnig að „*almennit sé haldið að verslunarmenn, sjómenn og aðrir, sem leið hafi átt þar hjá, hafi gert risturnar.*“<sup>27</sup> Sigurður Skúlason minntist einnig á steinana í *Saga Hafnarfjarðar* og sagði hann steinana vera fjóra talsins. Á fletinum á Flókastein sá hann ártölin 1657 (á þrem stöðum), 1673, 1681, 1697 og 1781, auk þess að sjá töluna 87 sem gæti annaðhvort þá verið 1687 eða 1787. Á hliðum steinsins sá hann einnig þessi ártöl: 1678, 1681, 1707 og 1723, auk þess stóð þar A 81, A 91 og 17C. Leiddi hann að líkum að þar var verið að meina Anno 1681, Anno 1691 og 1700.<sup>28</sup> Ómögulegt er að segja hversu gamlar



Mynd 9 - Flókasteinn (2022-7)

<sup>25</sup> Ágúst O. Georgsson, 1990, bls. 12

<sup>26</sup> Sveinbjörn Rafnsson, 1974, bls. 76

<sup>27</sup> Sveinbjörn Rafnsson, 1974, bls. 82

<sup>28</sup> Sigurður Skúlason, 1933, bls. 27

risturnar á klöppunum eru með vissu en líklegt þykir að ártölin sem rist hafa verið á þær á þeim árum.

Eitt flak var skráð á vettvagni við vestanverðan Hvaleyrarhöfða (2538-15). Líklega er þetta flak Fjarðarkletts GK 210. Skipið var smíðað í Svíþjóð 1946 úr eik og hét fyrst Ágúst Þórarinsson SH 25. 1953 keypti Fiskaklettur H/f skipið og nefndi það Fjarðarklett. Eldur kviknaði í skipinu skammt út af Eldey árið 1967 og skemmdist skipið mikið við það en sökk ekki, eftir það lá skipið lengi í höfn í Hafnarfirði og endaði svo daga sína með því að það var brennt út af Hvaleyri og rak þaðan í land.<sup>29</sup> Árið 1970 var skipið talið ónýtt og tekið af skrá.<sup>30</sup> Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar teljast skip og bátar frá því fyrir 1950 sem fornminjar.<sup>31</sup>



Mynd 10 - Flak Fjarðarkletts GK 210 (2583-15) í fjörunni við Hvaleyrarhöfða

NR.	SÉRHEITI	TEGUND	HLUTVERK	ALDUR
2583-1	-	niðurgroftur-hleðsla	hjallur	1550-1900
2583-2	-	grjóthrúga	bátaspil (?)	1550-1900
2583-3	Austurtúngarður	garðlag	túngarður	1550-1900
2583-4	Hvaleyrarbrunnur	niðurgroftur-hleðsla	brunnur	1550-1900
2583-5	-	garðlag	matjurtagarður	1550-1900
2583-6	-	tóft/steinsteypa	óþekkt	1900-1950
2583-7	Þvottahús	hús	þvottastaður	1939-1945
2583-8	-	húsgrunnur	óþekkt	1939-1945
2583-9	Brunngata	gata	leið	1550-1900
2583-10	Hvaleyrarbærinn	þúst	bæjarstæði	1550-1900
2583-11	-	steinsteypa	skotbyrgi	1939-1945
2583-12	-	húsgrunnur	skotbyrgi	1939-1945
2583-13	-	hús	skotbyrgi	1939-1945
2583-14	Vesturtúngarður	garðlag	túngarður	1550-1900
2583-15	Fjarðarklettur GK 210	flak	skip	1946-1970
2583-16	Þvottaklettur	náttúruminjar	þvottastaður	1550-1900
2583-17	-	tóft	fjánhús	1550-1900

<sup>29</sup> Eldur í Fjarðakletti, 1967

<sup>30</sup> Jón Björnsson, 1990, bls. 157

<sup>31</sup> Lög um menningarminjar, 2012, 3.gr.

2583-18	-	tóft	útihús	1550-1900
2583-19	-	steinsteypa	brunnur	1939-1945
2583-20	Hvaleyrarrétt	hleðsla	rétt	1550-1900
2583-21	-	hleðsla	óþekkt	1550-1900
2583-22	<b>Hjörskot</b>	<b>heimild</b>	<b>búð</b>	<b>900-1900</b>
2583-23	-	heimild	smiðja/sjóbúð	1770-1802
2583-24	Tjarnarkot	heimild	híbyli	1789-1911
2583-25	Daðakot/Hjörskot	heimild	híbyli	1828-1950
2583-26	Hvaleyrartraðir	heimild	traðir	1550-1900
2147-1	-	Gata	Leið	1500-1900
2147-2	Suðurtúngarður	Garðlag	Túngarður	1550-1900
2022-1	Kotagata / Sjávangata	Gata	Leið	900-1900
2022-2	Samslægnatún	Tún	Tún	900-1900
2022-3	Vesturkot / Drundur / Lásastaðir	Heimild	Híbyli	1781-1992
2022-4	Vesturkotstraðir	Heimild	Traðir	1550-1900
2022-5	Vesturkotstún	Heimild	Tún	1550-1900
2022-6	Vesturkotstúngarður	Heimild	Túngarður	1550-1900
2022-7	<b>Flókasteinn</b>	<b>Kennimark</b>	<b>Áletrun</b>	<b>900-1900</b>
2022-8	<b>Minorsteinn</b>	<b>Kennimark</b>	<b>Áletrun</b>	<b>900-1900</b>
2022-9	Þórðarkot / Þórðargerði	Heimild	Híbyli	1500-1880
2022-10	Þórðargerðistúngarður	Heimild	Túngarður	1500-1900
2022-11	Þórðargerði / Beinteinsgerði / Zimsensgerði	Heimild	Tún	1500-1900
2022-12	Þórðarstígur	Heimild	Gata	1500-1900
2022-13	Þórðarvör	Heimild	Uppsátur	1500-1900
2022-14	Halldórskot	Heimild	Híbyli	1500-1944
2022-15	Halldórskotstraðir	Heimild	Traðir	1500-1900
2022-16	Halldórskotstúngarður	Garðlag	Túngarður	1778-1944
2022-17	Jónasarlending	Heimild	Lending	1500-1900
2022-18	-	Hóll	Óþekkt	1500-1945
2022-19	-	Garðlag	Óþekkt	1500-1900
2022-20	-	Tóft	Útihús	1500-1945
2022-21	-	Steinsteypa	Fallbyssustæði	1939-1945
2022-22	-	Niðurgroftur	Skotbyrgi	1939-1945
2022-23	-	Niðurgroftur	Skotbyrgi	1939-1945
2022-24	-	Niðurgroftur	Skotbyrgi	1939-1945
2022-25	-	Niðurgroftur	Skotbyrgi	1939-1945
2022-26	-	Niðurgroftur	Skotbyrgi	1939-1945
2022-27	-	Niðurgroftur	Skotbyrgi	1939-1945
2022-28	-	Garðlag	Óþekkt	1500-1945
2022-29	-	<b>Kennimark</b>	<b>Áletrun</b>	<b>900-1900</b>
2022-30	<b>Flókasteinn</b>	<b>Kennimark</b>	<b>Áletrun</b>	<b>900-1900</b>

Tafla 2 - Skráðar minjar á Hvaleyri. Friðlýstar minjar eru feitletraðar.

## Straumur

Straumur er ein af svonefndum Hraunjörðum, en það eru þær jarðir sem eru innan staðarmarka Hafnarfjarðar suðvestur af kaupstaðnum. Þessar jarðir voru í eigu Viðeyjarklausturs og urðu því konungsjarðir með siðaskiptunum 1550. Konungsjarðirnar voru síðan seldar á árunum 1836-1839.<sup>32</sup>

Jarðarinnar var getið í fógetareikningum frá 1547-1548 og þar sagði: „*Item met Ström j legeko. xij for. Landskyldt iij vetter fiske. ij lege vj förenger smör dt. oc ij landskyldt iij vetter fiske dt. Thet er jc xxx fiske.*“<sup>33</sup>

Næst var jarðarinnar getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703. Þar segir að jarðardýrleikinn sé óviss, að jörðin var í konungseign og að ábúandi var Hans Ólafsson. Kúgildin voru þrjú og landskuldin var 75 álnir. Jörðin átti selstöð sem hét Straumsel en þar voru hagar slæmir og vandræði af vatnsskorti þegar það voru þurrkar. Torfrista og stunga voru í skárri lagi og jörðin notaði skóg í almennungi til kolagerðar og eldiviðar. Heimræði var allt árið í kring, lending góð og skip ábúandans réru eftir hentugleika. Lambhúsgerði var þá eyðihjáleiga á jörðinni sem hafði verið í eyði eins lengi og menn mundu og var ekki talið að þar yrði búið aftur vegna þess að bóndinn á Straumi gat ekki komið túninu þar í lag án þess að það kæmi niður á hans eigin túni.<sup>34</sup>

Í Jarðatali Johnsens frá 1847 var jörðin sögð í bændaeign, dýrleikinn var 12 ½, landskuldin 0.75, tvö kúgildi, einn ábúandi og var hann eigandi jarðarinnar.<sup>35</sup>

Samkvæmt Örnefnalýsingu Gísla Sigurðssonar voru landmerki fyrir jörðina Straum:

*Landamerki milli Straums og Óttarsstaða byrja við sjó á Vatnaskersklöpp yfir miðjan Markhól og þaðan beint í Stóra-Nónhól í Gvendarbrunn frá Gvendarbrunni í Mjósundsvörðu, frá Mjósundsvörðu í Klofaklett suður og upp af Steinhúsi.*

*Á Klofaklett er klappað Ótta Str. og varða hlaðin hjá. Frá Klofakletti í Markastein, suður og upp af Eyjólfsból, á þennan Markastein er klappað Ótta Str. Frá þessum Markasteini sömu stefnu upp að Krísuvíkurlandi.*

---

<sup>32</sup> Guðmundur Benediktsson hrl., 2004

<sup>33</sup> DI XII, bls. 114

<sup>34</sup> Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1924, bls. 163-164

<sup>35</sup> J. Johnsen, 1847, bls. 91

Á hina hliðina milli Straums og Þorbjarnarstað byrja landamerkin við sjó á Pjetursbyrgi á neðsta hólmanum, og þaðan beint í svonefnda Tóu, úr Tóu beint í Vestari-Tobbukletta yfir miðjum Jónshöfða og í vörðu vestarlega á há-Hafurbjarnarholtinu og þaðan beina stefnu mitt á milli Stóra-Steins og Fjárskjólskletts í vörðu á há-Fremstahöfða og þaðan hina sömu beinu stefnu þar til að Krísivíkurland tekur við (Undirritað í Straumi 31. Maí 1890)<sup>36</sup>



Mynd 11 - Loftmynd af bæjarstæði Litla-Lambhaga. Loftmyndin er frá árinu 2020 og er fengin af vefsíðu Hafnarfjarðarbæjar.

Alls voru átta fornminjar skráðar í landi Straums.

Þar er einna helst vert að minnast á bæjarstæði Litla-Lambhaga en í örnefnaskrá segir: „ [...] Litla-Lambhaga(40), sem í fyrstu nefndist Nýjakot. [...] Litli-Lambhagi stóð í Litla-Lambhagatúni. Lá túngarður tvíhlaðinn með allri norðurhlið þess.“<sup>37</sup>

NR.	SÉRHEITI	TEGUND	HLUTVERK	ALDUR
2367-96	Litli-Lambhagi	Hóll	Bæjarstæði	1550-1900
2367-227	-	Steinsteypa	Brú	1900-1950
2367-228	-	Garðlag	Varnargarður	1550-1900
2367-229	-	Tóft	Óþekkt	1550-1900
2367-230	-	Tóft	Útihús	1550-1900
2367-231	-	Steinsteypa	Híbýli	1900-1950
2367-232	-	Hleðsla	Vörslugarður	1550-1900
2367-233	-	Tóft	Híbýli / naust	1850-1950

Tafla 3 - Skráðar minjar í landi Straums

<sup>36</sup> Örnefnaskrá Óttarsstaðir

<sup>37</sup> Gísli Sigurðsson, bls. 3-4

## Heimildaskrá

- Atli Rúnarsson. (2020). *Reykjanesbraut: Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar og breyttar landnotkunar*. Hafnarfjörður: Byggðasafn Hafnarfjarðar.
- Ágúst O. Georgsson. (1990). *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*. Reykjavík: Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands.
- Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1924). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Gullbringu- og Kjósarsýsla* (B. 3). Kaupmannahöfn: S.L. Möller.
- Árni Matthíasson. (2009). *Pappa Jazz. Lífshlaup Guðmundar Steingrímssonar*. Reykjavík: Hólar.
- Biskupa sögur*. (1958). Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Bjarni F. Einarsson. (2006). *Hvaleyri. Fornleifar nr. 9:20 og 9:64 á Hvaleyri í Hafnarfirði. Skýrsla um fornleifarannsókn á kolagröf, túngarði og götu í desember 2005*. Reykjavík: Fornleifafræðistofan.
- Eldur í Fjarðakletti. (18. 8 1967). *Morgunblaðið*, 28.
- Elín Ósk Hreiðarsdóttir. (2001). *Fornleifakönnun Reykjanesbraut*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.
- Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Gylfi Björn Helgason & Sigrún Drífa Þorfinnsdóttir. (2020). *Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar (41), frá Hvassahrauni að Krýsuvíkurvegi*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.
- Gísli Sigurðsson. (1964). *Skrá yfir örnefni og fiskimiðin í Álftaneshreppi hinum forna, Bessastaðahreppi, Garðahreppi, Hafnarfirði og Hraunum*. Hafnarfjörður.
- Gísli Sigurðsson. (óútg.). *Samantekt út frá óútgefnu handriti Írisar Kristjánsdóttur. Hús og bæir í Hafnarfirði / líf og þjóðhættir í Hafnarfirði frá 14 öld*.
- Gísli Sigurðsson. (án dags.). Þorbjarnarstaðir. Örnefnaskráning. Örnefnastofnun Íslands.
- Guðlaugur Rúnar Guðmundsson. (2004). *Örnefnalýsing Hafnarfjarðarlands*.
- Guðmundur Benediktsson hrl. (2004). *Kröfulýsing Hafnarfjarðarbæjar frá 3. júní 2004*.
- Gunnlaugur Haraldsson. (2014). *Helgistaðir við Hafnarfjörð. Garðaprestkall hið forna. 1. bindi*. Hafnarfjörður.
- Heiðrún Eva Konráðsdóttir. (2019). *Hvaleyrvöllur Hafnarfirði. Fornleifaskráning vegna framkvæmdaleyfis*. Hafnarfjörður: Byggðasafn Hafnarfjarðar.
- Heiðrún Eva Konráðsdóttir. (2020). *Hvaleyrvöllur 2020. Fornleifaskráning vegna framkvæmdaleyfis*. Hafnarfjörður: Byggðasafn Hafnarfjarðar.
- Heiðrún Eva Konráðsdóttir. (2020). *Suðurhöfn. Fornleifaskráning vegna deiliskipulagsbreytinga*. Hafnarfjörður: Byggðasafn Hafnarfjarðar.

- Hildur Gestsdóttir & Sædís Gunnarsdóttir. (1998). *Svæðisskráning fornleifa í Hafnarfirði - Fornleifaskráning í Hafnarfirði I*. 1998: Fornleifastofnun Íslands.
- Íslenskt fornbréfasafn. (1857-76). *Diplomatarium Islandicum (DI I-XVI)*. Kaupmannahöfn: S.L. Möller.
- Íslensk fornrit. (1968). *Íslendingabók - Landnámabók: Íslensk fornrit I*. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi: með brauðalýsingum, fólkstölu i hreppum og prestaköllum, ágripum úr búnaðartölum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðgarða á landinu*. Kaupmannahöfn: S. Trier.
- Jón Björnsson. (1990). *Íslensk Skip 3*. Reykjavík: Iðunn.
- Katrín Gunnarsdóttir. (2005). *Fornleifaskráning í landi Hvaleyrar og Grísaness Hafnarfirði*. Hafnarfjörður: Byggðasafn Hafnarfjarðar.
- (2012). *Lög um menningarminjar*.
- Matthías Þórðarson. (1925). Fundin á Hvaleyri bein þriggja manna. *Árbók hins íslenska fornleifafélags*, 57-58.
- Oddgeir Hansson. (2001). *Fornleifakönnun við Reykjanesbraut*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.
- Sigurður Skúlason. (1933). *Saga Hafnarfjarðar*. Reykjavík: Bæjarsjóður Hafnarfjarðar.
- Sveinbjörn Rafnsson. (1974). Bergristur á Hvaleyri. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*, bls. 75-93.
- Örnefnaskrá Óttarsstaðir. (án dags.).

## Myndaskrá

Mynd 1 - Loftmynd af skráningarsvæðinu. Skráningarsvæðið er innan hvítu punktalínunnar.	2
Mynd 2 - Skotbyrgi (2583-13)	5
Mynd 3 - Loftmynd sem sýnir staðsetningu skráðra minja á svæðinu	9
Mynd 4 - Hvaleyrarbærinn, myndin er úr leiðangri Sir Joseph Banks árið 1772. Myndin er í fórum Byggðasafns Hafnarfjarðar.	10
Mynd 5 - Loftmynd af Hvaleyri frá 1942. Á henni má sjá umfang breska hersins. Myndin er í fórum Byggðasafns Hafnarfjarðar og hefur verið klippt til.	11
Mynd 6 - Leifar Hvaleyrarbæjarins úr lofti en ekkert sást til bæjarins á vettvangi. Loftmyndin er frá 2020 og fengin úr vefsíðu Hafnarfjarðarbæjar.	12
Mynd 7 - Horft í suður yfir Hvaleyrarbæinn. Ekkert sést á yfirborðinu vegna sléttunar.	12
Mynd 8 - Ljósmynd af Hvaleyri frá 1972. Garðlög og götur voru enn vel sjáanlegar. Myndin er í fórum Byggðasafns Hafnarfjarðar og hefur verið klippt til.	13
Mynd 9 - Flókasteinn (2022-7)	14
Mynd 10 - Flak Fjarðarkletts GK 210 (2583-15) í fjörunni við Hvaleyrarhöfða	15
Mynd 11 - Loftmynd af bæjarstæði Litla-Lambhaga. Loftmyndin er frá árinu 2020 og er fengin af vefsíðu Hafnarfjarðarbæjar.	18

## Töfluskrá

Tafla 1 - Yfirlit yfir skráðar minjar á svæðinu. Friðlýstar minjar eru feitletraðar.	8
Tafla 2 - Skráðar minjar á Hvaleyri. Friðlýstar minjar eru feitletraðar.	16
Tafla 3 - Skráðar minjar í landi Straums	18

## Viðauki 1: Fornleifaskrá

Norður snýr upp á öllum teikningum nema annað sé tekið fram.

Ljósmyndir og teikningar voru unnar af höfundum nema annað sé tekið fram.

**Númer:** 2583-1  
**Fyrri skráningarnúmer:** 9-59  
**Sýsla:** Gullbringusýsla  
**Sveitarfélag:** Hafnarfjörður  
**Landareign:** Hvaleyri  
**Skrásetjari:** Atli Rúnarsson  
**Dagsetning:** 26.1.2021  
**ISN93:** E 354457.8 , N 398972.6  
**Sérheiti:**  
**Tegund:** Niðurgröftur-hleðsla  
**Hlutverk:** Hjallur  
**Fjöldi:** 1  
**Hættumat:** Mikil hætta  
**Hættuorsök:** Landbrot / rof  
**Ástand:** Greinanleg  
**Aldur:** 1550 - 1900  
**Friðlýst:** Nei  
**Lengd:** 5.3m  
**Breidd:** 3.9m  
**Vegghæð:**  
**Breidd veggja:**

**Umhverfi/staðhættir:**

Á tanga sem gengur út úr Hvaleyrargranda. Mjög þýft og rofið land.


**Lýsing:**

Hjallur, niðurgrafinn ca. 30cm. Mögulegt hleðslugrjót í kring. Mikil hætta vegna landbrots.

**Heimildir:**

Katrín Gunnarsdóttir. (2005). *Fornleifaskráning í landi Hvaleyrar og Grísaness.*

**Ljósmyndir/teikningar:**



**Númer:** 2583-2

**Fyrri skráningarnúmer:** -

**Sýsla:** Gullbringusýsla

**Sveitarfélag:** Hafnarfjörður

**Landareign:** Hvaleyri

**Skrásetjari:** Atli Rúnarsson

**Dagsetning:** 26.1.2021

**ISN93:** E 354652.6 , N 398904.5

**Sérheiti:**

**Tegund:** Grjóthrúga

**Hlutverk:** Bátaspil (?)

**Fjöldi:** 1

**Hættumat:** Mikil hætta

**Hættuorsök:** Landbrot / rof

**Ástand:** Vel greinanleg

**Aldur:** 1550 - 1900

**Friðlýst:** Nei

**Lengd:** 1.2m

**Breidd:** 1.2m

**Vegghæð:** 0.3m

**Breidd veggja:**

**Umhverfi/staðhættir:**


Yst á austanverðum Hvaleyrargranda.

**Lýsing:**

Grjóthrúga, mögulega bátaspil. U.þ.b. 30cm há og 1.2m í þvermál, er nærri því hringlaga.

**Heimildir:**

**Ljósmyndir/teikningar:**



**Númer:** 2583-3  
**Fyrri skráningarnúmer:** 9-8  
**Sýsla:** Gullbringusýsla  
**Sveitarfélag:** Hafnarfjörður  
**Landareign:** Hvaleyri  
**Skrásetjari:** Atli Rúnarsson  
**Dagsetning:** 26.1.2021  
**ISN93:** E 354255.9 , N 398871.3  
**Sérheiti:** Austurtúngarður  
**Tegund:** Garðlag  
**Hlutverk:** Túngarður  
**Fjöldi:** 1  
**Hættumat:** Hætta  
**Hættuorsök:** Rask / rof  
**Ástand:** Vel greinanleg  
**Aldur:** 1550 - 1900  
**Friðlýst:** Nei  
**Lengd:** 71.2m  
**Breidd:** 2m  
**Vegghæð:** 0 – 1.2m  
**Breidd veggja:** 2m

**Umhverfi/staðhættir:**

Á austanverðri Hvaleyri, u.þ.b. 115m NV við bátaskýli.


**Lýsing:**

Austurtúngarður, úr torfi og grjóti. Grasi vaxinn. Veggjahæð er frá 0 – 1.2m og veggjabreidd er að jafnaði 2m. Liggur ca. N-S. Rofinn á 2 stöðum; nyrðra rofið er eftir lagnaskurð og syðra rofið er eftir skurð sem grafinn hefur verið í gegnum garðið og sárið skilið eftir opið, engin sjáanleg ástæða er fyrir skurðinum.

**Heimildir:**

Katrín Gunnarsdóttir. (2005). *Fornleifaskráning í landi Hvaleyrar og Grísaness.*

**Ljósmyndir/teikningar:**



**Númer:** 2583-4

**Fyrri skráningarnúmer:** 9-5

**Sýsla:** Gullbringusýsla

**Sveitarfélag:** Hafnarfjörður

**Landareign:** Hvaleyri

**Skrásetjari:** Atli Rúnarsson

